

Sp. 270. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um endurskoðun laga um iðju og iðnað.

Flm.: Gunnar J. Friðriksson, Friðjón Þórðarson, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 79 15. ágúst 1971, og leggja frumvarp til nýrra iðnaðarlaga fyrir næsta reglu-
legt Alþingi.

Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa fimm manna nefnd. Skulu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og samtaka iðnsveina. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar.

Greinargerð.

Núgildandi iðnaðarlöggjöf er að meginstofni frá árinu 1927 (lög nr. 18 1927 með nokkrum breytingum, aðallega frá árinu 1936), en síðast var lögnum breytt árið 1970 (lög nr. 8 1970), sem síðan voru felld inn í gömlu lögum og endurútgefin sem lög nr. 79 1971.

Lögum frá 1927 voru fyrsta löggjöf um þetta efni á Íslandi og munu að ýmsu leyti hafa byggst á norskum lögum frá 1913 (lögum frá 25. júlí 1913). Snemma árs 1950 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lögum frá 1927. Varð nefndin sammála um „frumvarp til iðnaðarlaga“, sem lagt var fram á Alþingi 1952 sem stjórnarfrumvarp, með nokkrum breytingum af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Þrátt fyrir samstöðu í nefndinni, sem samdi frumvarpið, milli fulltrúa iðnaðarmanna og iðnrekenda voru iðnaðarmenn óánægðir með ýmsi ákvæði þess og einnig komu verkfræðingar og opinberir aðilar (Póstur og sími) fram með sérsjónarmið. Er iðnaðarnefnd neðri deildar varð ljós þessi ágreiningur, lagði hún til, að málið væri afgreitt með rökstuddri dagskrá og ríkisstjórninni falið að reyna að ná samkomulagi við þá aðila, sem málið varðaði sérstaklega. Var rökstudda dagskráin samþykkt og síðan hefur ekkert gerst í máli þessu.

Það gefur auga leið, að nær fimmtíu ára gömul löggjöf um svo mikilvæga atvinnustarfsemi sem iðnaðurinn í heild er, hlýtur að vera í mörgu úrelt og óraunhæf. Í því sambandi má geta þess, að hin Norðurlöndin hafa öll samræmt sín lög um iðnað breyttum aðstæðum vegna hinnar öru þróunar í iðnaði þessara landa. Er það skoðun flutningsmanna, og þar einnig stuðst við skoðun forustumanna iðnaðar, að bryn þörf sé á endurskoðun hinna úreltu laga um „iðju og iðnað“.